



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 5. október 2018

Dagana 3. til 5. október 2018 var aflað upplýsinga frá leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum um stöðu ráðninga. Svör bárust frá öllum.


Leikskólar:

Í leikskóla á eftir að ráða í 34,7 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Búið er að ráða í 97,8% stöðugilda¹.

Þann 12. september sl. átti eftir að ráða í 38,8 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Búið var að ráða í 97,5% stöðugilda.

Þann 25. september 2017 átti eftir að ráða í samtals 83,5 stöðugildi í leikskóla. Þann 28. september 2016 átti eftir að ráða í samtals 50,8 stöðugildi.

Mönnuð stöðugildi í leikskólum 2018



¹Auk þeirra 34,7 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í ágúst miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vantar 21,5 stöðugildi í afleysingu. Um getur verið að ræða afleysingu þegar fastir starfsmenn leikskóla taka undirbúningstíma sem og vegna veikinda starfsmanna.


Staða starfsmannamála nú hefur þau áhrif að óvíst er með dagsetningar á inntöku 38 barna. Þann 12. september sl. var óvíst með dagsetningar á inntöku 59 barna, 28. ágúst sl. 93 barna og 21. ágúst sl. 128 barna.

Grunnskólar:

Í grunnskóla á eftir að ráða í 20,4 stöðugildi. Búið er að ráða í 99,1% stöðugilda.

Þann 17. september sl. átti eftir að ráða í 16,5 stöðugildi. Búið var að ráða í 99,3% stöðugilda.

Þann 25. september 2017 átti eftir að ráða í samtals 17 stöðugildi. Þann 28. september 2016 átti eftir að ráða í samtals 15 stöðugildi.




Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar:

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 38,8 stöðugildi eða 79 starfsmenn. Búið er að ráða í 89,1% stöðugilda.

Þann 12. september 2018 átti eftir að ráða í 64,0 stöðugildi eða 128 starfsmenn. Búið var að ráða í 82,1% stöðugilda.

Þann 25. september 2017 átti eftir að ráða í 55,5 stöðugildi eða 111 starfsmenn. Þann 28. september 2016 átti eftir að ráða í 51 stöðugildi eða 108 starfsmenn.

Mönnuð stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum 2018



Á biðlista eftir frístundaheimili/sértækum félagsmiðstöðvum eru nú 293 börn. Þann 12. september sl. voru 532 börn á biðlista, 28. ágúst sl. 1052 börn og 20. ágúst sl. voru 1354 börn á biðlista. Á þessu tímabili hafa borist um 200 nýjar umsóknir.

Þann 25. september 2017 voru 442 börn á biðlista í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

Ráðningar í leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar standa yfir þessa dagana og tölurnar því að breytast dag frá degi.